

**Vísað er til þingskjals 144, 143. máls á 151 löggjafarþingi sem er frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 (mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa).**

Í 1. málsli. 66. gr. laga nr. 123/2015 um *Mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa og reglugerða segir:*  
„Hver ráðherra skal leggja mat á áhrif stjórnarfrumvarpa, þ.m.t. fjárhagsleg áhrif, áður en þau eru lögð fyrir ríkisstjórn og Alþingi samkvæmt reglum um starfshætti ríkisstjórnar. Við mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa skulu markmið og tilætluð áhrif lagasetningar dregin skýrt fram.“

Í fyrrgreindu frumvarpi er lagt til að 1. málsli. 1. mgr. 66. gr. laganna orðast svo: Hver ráðherra skal leggja mat á áhrif stjórnarfrumvarpa, þ.m.t. fjárhagsleg áhrif, **loftslagsáhrif og áhrif á stöðu kynjanna**, áður en þau eru lögð fyrir ríkisstjórn og Alþingi samkvæmt reglum um starfshætti ríkisstjórnar.

1. Telur ráðuneytið heppilegra að talin séu upp í lögum um opinber fjármál fyrrgreind mál sem leggja skuli mat á eða telur ráðuneytið nægilegt eða heppilegra að þau atriði komi fram í þeim eyðublaðum sem fylla ber út þegar lagt er mat á áhrif lagafrumvarpa?
2. Hverjir eru kostir þess að lögbundið verði að leggja mat á loftslagsáhrif frumvarpa sem ráðuneytið hefur til vinnslu í stað þess að umrætt mat sé hluti af verkferlum samkvæmt gátlistum?
  - a. Hverjir eru gallar þess?
3. Hverjir eru kostir þess að lögbundið verði að leggja árlegt mat á áhrif á stöðu kynjanna í frumvörpum sem ráðuneytið hefur til vinnslu í stað þess að umrætt mat sé hluti af verkferlum samkvæmt gátlistum?
  - a. Hverjir eru gallar þess?
4. Í 18. gr. laga um opinber fjármál um kynjaða fjárlagagerð og jafnrétti segir að „Ráðherra, í samráði við ráðherra jafnréttismála, hefur forustu um að gerð verði áætlun um kynjaða fjárlagagerð sem höfð skal til hliðsjónar við gerð frumvarps til fjárlaga. Í frumvarpi til fjárlaga skal gerð grein fyrir áhrifum þess á markmið um jafna stöðu karla og kvenna.“
  - a. Hver verður breytingin við vinnslu þessara mála innan ráðuneytisins verði frumvarpið að lögum?

Vísað er til þess að á ríkisstjórnarfundi 10. mars 2017 var gerð samþykkt um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og stjórnartillagna sbr. 9. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar. Við gerð lagafrumvarpa er gengið út frá því að ráðuneyti geri grein fyrir fyrrgreindum áhrifum á eyðublaði sem þeim ber að fylla út við mat á áhrifum lagasetningar, sjá <https://www.stjornarradid.is/verkefni/log-og-rettur/lagasetning/> Samkvæmt því ber að leggja mat á áhrif lagasetningar á jafnrétti kynjanna, sjá einnig leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum sbr. 6. tl. í lið D á eyðublaðinu og einnig áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun, sjá 12. tl. á lið D á eyðublaðinu. Í eyðublaðinu eru enn fremur talin upp mun fleiri atriði sem leggja ber mat á.